


Alþingi
Erindi nr. P 139/2797
komudagur 27.S. 2011



Prestafélag Íslands

Hafnarfjarðarkirkju, 24. maí 2011

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Stjórn Prestafélags Íslands (PÍ) hefur tekið til skoðunar frumvarp til laga um barnalög (réttindi barns, forsjá, sáttameðferð o.fl.), 778. mál.

Stjórn PÍ fagnar þeim breytingum á barnalögum sem hér eru lagðar fram og lítur svo á að ávallt sé mikilvægt að hagsmunir barna séu hafðir í fyrirrúmi líkt og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Jafnvel þó það orki tvímælis að skylda fólk í sáttferli þá verður að telja að hagsmunir barnsins séu það ríkir um samkomulag foreldra að réttlæt看legt sé að skilgreina skyldu til sáttameðferðar sem hluta af foreldraskyldum. Tekið er undir þau sjónarmið sem fram koma í frumvarpinu að ekki sé úrskurðað með dómi um sameiginlega forsjá eða tvöfalt lögheimili.

Enn fremur vekur stjórn PÍ á því athygli að prestar eru mikilvægur hluti þess hóps fagfólks sem kemur að málefnum barna, ekki síst þegar um sáttumleitanir hjóna eru annars vegar, enda koma prestar að sáttumleitan milli hjóna sem eiga börn undir lögaldri nema annars sé sérstaklega óskað sbr. 42. grein hjúskaparlaga.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Prestafélags Íslands,

Guðbjörg Jóhannesdóttir, formaður PÍ.